

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



Dags eftirlits	16.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Porkell Árnason	Staðsetning	356850,845 409700,409

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram við eftirlit er varðar að þrýstiprófanir fóru ekki fram innan tímaramma starfsleyfis. Þrýstiprófanir hafa farið fram og allar skýrslur varðandi þrýstiprófanirnar hafa verið sendar til eftirlitsaðila og frávikinu er því lokað. Ein ábending var sett fram vegna rusls sem safnast hefur upp meðfram girðingu við geymslusvæði við suðurenda stöðvarinnar. Frágangur vegna þessarar ábendingar verður tekinn út í næsta eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 8.200 m³ af olíu og allt að 9.100 m³ af bensíni í geymum félagsins. Einnig er móttaka, hreinsun og endursala á úrgangsolíu heimiluð.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit árið 2023 en tvær ábendingar voru settar fram er varða að upplýsingar um þjónustu við olíuskiljur voru ekki til staðar við eftirlit og að niðurstöður mælinga úr gufuendurnýtingarþúnaði voru ekki framsettar á því formi sem starfsleyfið kveður á um. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum með fullnægjandi hætti.

Starfsleyfið gildi til 31. janúar 2024. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi og er það í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Hefur eldra starfsleyfi verið framlengt þar til nýtt leyfi hefur verið gefið út, eða til 31. janúar 2025. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og umfangið er álíka og verið hefur, þó hefur magn bensíns minnkað.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Alls eru 19 olíugeymar í stöðinni og voru þeir flestir botnþykktarmældir á árunum 2017-2023 en skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal þykktarmæla alla geyma á 10 ára fresti. Geymir nr. T0170 (101.01.00) var þykktarmældur nú í ár og ekki er gerð athugasemd við áframhaldandi notkun hans. Tólf löndunar- og afgreiðslulagnir eru í stöðinni. Voru þær allar prófaðar árið 2018 og átti því að prófa þær allar árið 2023 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Fjórar löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar í desember 2023 en aðrar lagnir ekki fyrr en í jan. og feb. 2024. Því er sett frávik þar um. Svartolíulögn nr. P101225 féll í prófuninni og hefur verið

tekin úr notkun. Minnt er á að óheimilt er að nota lögnina fyrr en fullnægjandi viðgerð og ný þrýstiprófun hefur farið fram.

Bensín er geymt í stöðinni og samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), er gufuendurnýtingabúnaður (VRU) í stöðinni. Skal meðalstyrkur bensingufu í útblæstri hans ekki fara yfir 35 g/Nm^3 á klst skv. gr. 2.1 í starfsleyfi. Búnaðurinn var þjónustaður og mælingar gerðar daganna 2.-3. október 2023. Voru þær mælingar innan marka starfsleyfis eða $< 5 \text{ g/Nm}^3$. Skráningar í tölvukerfi VRU voru skoðaðar í eftirlitinu.

Undantöppun geyma fer í bamba þar sem olfa er látin skilja sig frá vatninu og síðan dælt aftur upp í olíugeyminn. Olíuskiljur stöðvarinnar eru sameiginlegar með Gallon ehf., og sjá þeir um þjónustu þeirra og hreinsun. Fimm olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir að meðaltali á 3ja mánaða fresti. Allar skiljur eru tæmdar og hreinsaðar einu sinni á ári en skilja nr. 7 er þó hreinsuð oftara enda meira olíuálag á henni. Hún var síðast tæmd þann 22. ágúst sl. af Hreinsitækni ehf. Olíupróf var gert á frárennsli úr skiljunum þann 24. október sl. með Macherey-Nagel strimlum og stóðust þær prófið.

Mánaðarblöð voru send eftirlitsaðila fyrir eftirlit til yfirferðar og litið var yfir skráningar í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl á staðnum. Ekki gerðar athugasemdir þar um. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 er í gildi til 14. jan 2026.

Teikningar af stöðinni, flæðirit og viðbragðsáætlun eru sýnilegar í starfsstöð. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er til staðar. Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók og einnig útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni.

Olíublautur úrgangur er sóttur af Íslenska gámafélaginu en annar úrgangur er flokkaður og sóttur af sorphirðu sveitarfélagsins. Rætt var um förgun spilliefna og þá stöðu sem gæti komið upp hjá spilliefnamóttökunum að ekki verði tekið við spilliefnum til förgunar s.s. úrgangi úr olíuskiljum, þar sem förgunarleiðir eru takmarkaðar við brennslu eða útflutning.

Gengið var um stöðina, vinnslusvæði úrgangsolíunnar, þrær og geymar skoðaðir. Ekki var að finna mikla lykt frá endurvinnslu úrgangsolíunnar og var stöðin snyrtileg á að líta fyrir utan rusl sem safnast hefur saman inn á lóð stöðvarinnar, meðfram girðingu við sameiginlegt geymslusvæði stöðvanna. Sett er fram ábending um að fjarlægja það rusl og koma í réttan farveg. Búið er að kaupa nýjar mengunarvarnargirðingar en á eftir að koma þeim fyrir á bryggjunni. Engar ábendingar settar fram þar um. Girðingar um stöðina eru heilar og hlið voru læst þegar að var komið.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Allar 12 lagnirnar í stöðinni voru þrýstiprófaðar árið 2018 og átti því að prófa þær aftur árið 2023. Átta lagnir voru ekki þrýstiprófaðar fyrr en í janúar og febrúar 2024 og er það því frávik.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að hreinsa þurfi rusl sem safnast hefur upp á lóðinni, meðfram girðingu við sameiginlegt geymslusvæði, sunnan við geymasvæði.


ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.06.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

